BH 55 '82.

Ég undirritaður Guðmundur Guðbjartsson (nr. 3064-0004) leifi mér að fara þess á leit við „Byggðasafn Austurskaftfellinga" Að safnið taki að sér til varðveislu. Hnappinn sem hér með fylgir. Sem er „samfellu hnappur" frá viðhafnar búningi. langömmu minnar Helgu Jónsdóttir húsfr. að Hnausum í Meðalland. Vest.Skaft. s. f. 3/8. 1806 dá. 21/10. 1893. Af henni gefin (ásamt alklæðnaði) móður minni Helgu Halldórsdóttir f. 13/6. 1874 d. 19/4 1963. þá á tíunda aldurs ári. Með þeim ummælum að best væri að hann fyldi nafni. Taldi móðir min hnapp þennan kominn frá ömmu ömmu sinnar Helgu Steingrímsdóttir á Kirkjubæarkl. og víðar f. á þverá í Blönduhlíð 1735 d. í V. skaft. sýslu 29/1 1812 Vísast hér nánar til bóka Björns Magnússonar pro. um skaftfellsk ættir. - Er það eindregin ósk mín sem eina erfingja móður minnar, með sam(ráði) eiginkonu og barna að hlutur sá sem hér að ofan greinir verði geimdur á safninu, til minningar um þær nöfnur sem hér að ofan greinir, og jafnframt heilla og verndar tákn til afkomenda þeirra er nafn þeirra bera um komandi tíma. Ennfremur er þess óskað að fyr nemdur skartgripur verði ekki ~~látinn~~ afhentur frá safninu nema til ábyrgra opinbera aðila eða þjóðminja safns – Óskir þessar vil ég hér með staðfesta með undirskrift minni ásamt eiginkonu og barna

Guðm. Guðbjartsson
frá Austurhól

AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLA
SÍMAR: SÝSLUMAÐUR (97)8363 - HEIMA 8484 - PÓSTHÓLF 1 - 780 HÖFN HORNAFIRÐI

Stofnanir:
Elli- og hjúkrunarheimili
Byggðasafn
Sýsluritið Skaftfellingur
Sýsluskjalasafn
Náttúruverndarnefnd

Höfn 12. ágúst 1982.

Guðmundur Guðbjartsson
frá Austurhól!

Vegsemd. Hef í dag veitt móttöku gjafabréfi, svo og samfellunhnappi, undur haganlega gerður og smíðisgóð. Um er að ræða ættargrip.
Byggðasafn A-Skaftafellssýslu á Höfn þakkar þessa ágætu gjöf og tekur gripinn fúslega til varðveislu með þeim skilmálum er í gjafabréfi greinir.
Skilningur þinn á safninu og ræktarsemi við byggðarlagið er þakkað og mikils metið.
Óska þér og þínu fólki allra heilla um ókomna framtíð.

Kveðja f.h. safnstjórnar
Friðjón Guðröðarson

AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLA